

BORGARRÁÐ

Ár 2017, fimmtudaginn 29. júní, var haldinn 5458. fundur borgarráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 9.08. Viðstödd voru Sigurður Björn Blöndal, Halldór Auðar Svansson, Líf Magneudóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Áslaug María Friðriksdóttir, Kjartan Magnússon og Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Hrólfur Jónsson, Halldóra Káradóttir, Kristbjörg Stephensen, Hallur Símonarson, Björn Axelsson, Örn Sigurðsson og Linda Sif Sigurðardóttir. Fundarritari var Sandra Dröfn Gylfadóttir.

Petta gerðist:

1. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 22. júní 2017, um kosningu fulltrúa í borgarráð til eins árs sem fram fór á fundi borgarstjórnar þann 20. júní sl. R17060175
2. Lagt til að Sigurður Björn Blöndal verði kosinn formaður borgarráðs.
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.
Lagt er til að Halldór Auðar Svansson verði kosinn varaformaður borgarráðs.
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúi Áslaug María Friðriksdóttir situr hjá við afgreiðslu málsins.
R17060175
3. Lögð fram fundargerð hverfisráðs Grafarvogs frá 13. júní 2017. R17010008
4. Lögð fram fundargerð hverfisráðs Háaleitis og Bústaða frá 19. júní 2017. R17010009
5. Lögð fram fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 22. júní 2017. R17010016
6. Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 1. júní 2017. R17010026
7. Lögð fram fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 21. júní 2017 R17010019
8. Lögð fram fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 15. maí 2017. R17010025
9. Lögð fram fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 9. júní 2017. R17010027
10. Lögð fram fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs frá 28. júní 2017. R17010021
B-hluti fundargerðarinnar samþykktur.
11. Lögð fram fundargerð velferðarráðs frá 22. júní og fundargerð sameiginlegs fundar velferðarráðs með stjórn Félagsbústaða hf. frá 15. júní 2017. R17010028
12. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 1 dag, um embættisafgreiðslur erinda sem borist hafa borgarráði, alls 6 mál. R17050185
13. Lagt fram yfirlit yfir styrkumsóknir til borgarráðs ásamt fylgigögnum, dags. 1 dag. R17010042
Samþykkt að veita Háskóla Íslands styrk að fjárhæð kr. 100.000 vegna Svipbrigða sársaukans (The many faces of pain).
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina sitja hjá við afgreiðslu málsins.
14. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 22. júní 2017, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 21. júní 2017 á auglýsingu um breytingu á deiliskipulagi Suður-Mjóddar, ásamt fylgiskjölum. R17040112
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins styðja að tillagan verði auglýst svo íbúar og aðrir hagsmunaaðilar fái tækifæri til að tjá sig um þær breytingar, sem yrðu með henni á landnýtingu í Syðri-Mjódd. Þær breytingar eru til bóta sem snúa að breytingum á svæði Íþróttafélags Reykjavíkur og lóðum Félags eldri borgara við Árskóga 1-7. Sem fyrr leggjast borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hins vegar gegn því að stórrí lóð verði úthlutað til bifreiðaumboðs í Syðri-Mjódd, ofan í bæði íbúabyggð og íþróttasvæði.

15. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 22. júní 2017, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 21. júní 2017 á auglýsingu um breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands vegna lóðarinnar nr. 29 við Hringbraut, ásamt fylgiskjölum. R17060191
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Húsnæðisekla meðal stúdenta er brýnn vandi sem leita þarf lausnar á. Félagsstofnun stúdenta og Háskóli Íslands hafa hag af því að byggt sé upp á Háskólasvæðinu. Eðlilegt er að tillagan hljóti lögformlega auglýsingu.

Borgarráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Borgarráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina tekur undir umsögn Minjastofnunar og fellst ekki á byggingu á þessum stað en leggst þó ekki gegn því að tillagan verði auglýst enda felst ekki í því að tillagan sé samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja athugasemdir Minjastofnunar það alvarlegar að ekki eigi að auglýsa deiliskipulagsbreytingu fyrr en vandlega hefur verið farið yfir þær athugasemdir. Minjastofnun telur að byggingin sé með öllu óásættanleg og að finna eigi henni annan stað í borgarlandinu.

16. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 22. júní 2017, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 21. júní 2017 á lýsingu skipulagsfulltrúa frá 17. maí 2017 um nýtt deiliskipulag fyrir Hólmsheiði, athafnasvæði, ásamt fylgiskjölum. R17060174
Samþykkt.
17. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 22. júní 2017, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 21. júní 2017 á breytingu á deiliskipulagi Skógarhlíðar vegna lóðarinnar nr. 20 við Skógarhlíð, ásamt fylgiskjölum. R17030118
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina situr hjá við afgreiðslu málsins.
18. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 26. júní 2017, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að bjóða út framkvæmdir við gatnagerð á Kirkjusandi, ásamt fylgiskjölum. R17060200
Samþykkt.

Ámundi Brynjólfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 09.47 vÍkur Örn Sigurðsson af fundinum.
- Kl. 09.57 vÍkur Björn Axelsson af fundinum.
- 19. Fram fer kynning á eftirfylgniúttekt innri endurskoðunar á rekstri, stjórnarháttum og hlutverki Félagsbústaða hf. R17050151

Auðun Freyr Ingason og Sigrún Lilja Sigmarsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.
- 20. Lagt fram bréf mannréttindaskrifstofu, dags. 21. júní 2017, varðandi tillögur starfshóps um örugga miðborg. R17010308
Borgarráð staðfestir tillögur starfshópsins.

Anna Kristinsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
- 21. Fram fer kynning á Frístundastefnu í Reykjavík. R14120116

Skúli Helgason, Sigrún Sveinbjörnsdóttir, Marta Guðjónsdóttir, Ómar Einarsson, Soffía Pálsdóttir og Berglind Magnúsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.
- 22. Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 23. júní 2017, varðandi lækkun leikskjólagaalda, ásamt fylgiskjólum. R17040159
Samþykkt með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata gegn tveimur atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.
Borgarráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina situr hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiða atkvæði gegn lækkun leikskólagaalda þar sem full þörf er á umræddum fjármunum til að bæta fjársvelta leikskóla borgarinnar. Viðhaldi fjölmargra leikskóla og leikskólalóða er mjög ábótavant, aðstæður starfsmanna eru víða ófullnægjandi og fjárveitingar til fæðiskaupa skornar við nögl. Rétt er að nota umrædda fjármuni til umbóta á leikskólum í stað þess að lækka leikskólajöld.

Borgarráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er afstaða Framsóknar og flugvallarvina að vilja styðja við barnafjölskyldur á öllum skólastigum, en það er mat okkar að forgangsroðun hér sé röng og meirihlutinn sé að reyna að slá pólitískar keilur. En síðustu lækkunartilburðir meirihlutans á leikskólajöldum voru aðeins til málamyndalækkanir sem skiluðu sér ekki til barnafjölskyldna þar sem fæðisgjald var hækkað samhliða. Á meðan að meirihlutinn getur ekki sett tillöguna fram með þeim hætti að þeir tryggi að fæðisgjöld hækki ekki samhliða, þá getum við ekki samþykkt hana.

- 23. Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 23. júní 2017, sbr. samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 21. júní 2017 á tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata varðandi rekstrarframlag til Félagsstofnunar stúdenta vegna Mánagarðs, ásamt fylgiskjólum. R17040076
Samþykkt.
- 24. Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 23. júní 2017, sbr. samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 21. júní 2017 á tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar og Bjartrar framtíðar og áheyrnarfulltrúa Pírata varðandi framlag til Waldorfskólans Sólstafa, ásamt fylgiskjólum. R16060080

Samþykkt með sex atkvæðum. Borgarráðsfulltrúi Vinstri grænna situr hjá við afgreiðslu málsins.

25. Lagt fram bréf velferðarsviðs, dags. 26. júní 2017, sbr. samþykkt velferðarráðs frá 22. júní 2017 á tillögu velferðarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata um að afnema sumarlokanir á félagsmiðstöðvum velferðarsviðs, ásamt fylgiskjölum. R17050171

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Í kjölfar efnahagshrunsins 2008 var farið í umfangsmiklar hagræðingar hjá Reykjavíkurborg. Ein aðgerðin sem farið var í á árunum eftir hrun var að loka 5 af 17 mótuneytum á félagsmiðstöðvum velferðarsviðs í um 4 vikur á sumrin og vísa fólki á hin 12 mótuneytin eða bjóða því heimsendan mat. Nú hefur verið tekin ákvörðun um að taka til baka sumarlokanir á félagsmiðstöðvunum fimm og hafa opið í mótuneytum félagsmiðstöðvanna frá kl. 10-14.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja það gleðilegt að ekki verði af sumarlokunum á félagsmiðstöðvum velferðarsviðs. Hins vegar er enn gert ráð fyrir að þjónustan verði skert og því sitja þeir hjá. Þjónusta við aldraða á að vera algjört forgangsmál og ekki er hægt að skilja af hverju meirihlutinn í borginni tekur ekki undir þá stefnu.

26. Lagt fram bréf velferðarsviðs, dags. 26. júní 2017, sbr. samþykkt velferðarráðs frá 22. júní 2017 á tillögum að úthlutun þvert á hverfi úr forvarnarsjóði Reykjavíkurborgar fyrir árið 2017, ásamt fylgiskjölum. R16050239

27. Lögð fram að nýju tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurskoðun á fyrirkomulagi eignarhalds á íbúðarlóðum, sbr. 37. lið fundargerðar borgarráðs frá 15. júní 2017. Jafnframt er lögð fram umsögn borgarlögmans, dags. 26. júní 2017. R17060122

Tillaga felld með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata gegn þremur atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lýsa yfir undrun sinni á ómálefnalegri umsögn borgarlögmans vegna tillögu um fyrirkomulag eignarhalds á íbúðarlóðum í borginni. Í tillögunni er einungis lagt til að núverandi fyrirkomulag verði endurskoðað og kannaðir kostir og gallar þess að breyta því með ákveðnum hætti. Sætir furðu að borgarlögmaður skuli taka harða afstöðu gegn því að slík skoðun fari fram enda verður ekki séð að neitt fjárhagslegt eða skipulagslegt óhagræði verði af skoðuninni sem slíkri. Sú afstaða, sem kemur fram í umræddri umsögn, er mjög kerfismiðuð og þar eru einungis tínd til rök gegn breytingu á núverandi fyrirkomulagi en ekkert fjallað um kostina. Full ástæða er því til að endurskoða núverandi fyrirkomulag þessara mála þótt það hafi verið óbreytt um áratugaskeið. Athyglisvert er að fulltrúar Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Vinstri grænna skuli eindregið leggja gegn því að þetta fyrirkomulag verði endurskoðað og kannaðir kostir og gallar breytingar, sem hefði tvímælalaust í för með sér mikla réttarbót fyrir fjölmarga lóðarhafa í Reykjavík, sem greiða gjöld af lóðum sínum eins og þeir væru eigendur þeirra en njóta einungis réttinda sem leigjendur.

28. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 26. júní 2017, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki að veita alls 30,7 m.kr., af kostnaðarstaðnum ófyrirséð 09205, í bráðaviðgerðir á útilistaverkum í eigu Reykjavíkurborgar. Verkin sem ráðast á í viðgerðir á eru í umsjá Listasafns Reykjavíkur og hefur forvörður á vegum safnsins lagt mat á ástand verkanna. Áætlaður kostnaður vegna sérfræðivinnu og bráðaviðgerða í ár nemur tæpum 15,7 m.kr. Þá skal næstu þrjú árin veita 5 m.kr. árlega, alls 15 m.kr. til áframhaldandi viðgerða sem vísar til fjárhagsáætlunargerðar ársins 2018 og fimm ára áætlunar.

Greinargerð fylgir tillögunni. R17060178
Samþykkt.

29. Lagt fram bréf Stelpur rokka!, dags. 15. mars 2017, þar sem óskað er eftir endurnýjun þjónustusamnings við Reykjavíkurborg til þriggja ára, ásamt fylgiskjölum. Jafnframt er lögð fram umsögn íprótta- og tómstundaráðs frá 9. júní 2017. R17050138
Samþykkt.

30. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 26. júní 2017, varðandi fyrirhugaða heimsókn borgarstjóra til Barcelona dagana 17. til 19. júlí 2017. R17020181

31. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 22. júní 2017:

Lagt er til að borgarráð veiti Institut de Cultura de Barcelona framlag sem nemur 45.000 evrum (5.351.289 ISK m.v. gengi dagsins), af kostnaðarstaðnum ófyrirséð 09205, vegna þátttöku Reykjavíkurborgar í borgarhátíðinni La Mercè sem haldin verður 21.-24. september 2017. Upphæðin er alfarið eyrnamerkt framlagi íslenskra listamanna á hátíðinni.

Samþykkt. R17010257
Borgarráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina situr hjá við afgreiðslu málsins.

32. Lagt fram bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 18. maí 2017, varðandi tillögu að samkomulagi um miðlun upplýsinga vegna daggæslu í heimahúsum. Jafnframt er lögð fram umsögn Barnavistunar, dags. 14. júní 2017. Frestað. R17050144

33. Lagt fram bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 14. júní 2017, varðandi tillögu að nýjum samningstexta milli SSH og Fluglestarinnar-þróunarfélags ehf., ásamt fylgiskjölum. R16110082
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina situr hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins samþykkja framlagðar breytingar á samningstexta milli SSH og Fluglestarinnar-þróunarfélags ehf. á þeirri forsendu að aðkoma Reykjavíkurborgar verði einskorðuð við skipulagslegan þátt málsins en hafi ekki í för með sér neinar skuldbindingar varðandi fjármögnun verkefnisins.

34. Lagt fram bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 18. maí 2017, varðandi endurnýjun á þjónustusamningi við Fjölsmiðjuna, ásamt fylgiskjölum. Jafnframt er lögð fram umsögn velferðarsviðs, dags. 19. júní 2017. R17060185
Samþykkt.

35. Lögð fram tillaga borgarstjóra, dags. 28. júní 2017, um fjárhagsramma fyrir svið borgarinnar vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018. Greinargerð fylgir tillögunni. R17020174
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina sitja hjá við afgreiðslu málsins.
36. Lagt fram bréf fjármálaskrifstofu, dags. 26. júní 2017, þar sem lagðar eru fram forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2018 og forsendur fimm ára áætlunar 2018-2022 sem eru skv. þjóðhagsspá Hagstofu frá 31. maí sl. R17020174
37. Lagðar fram tillögur matsnefndar um veitingu stofnframlaga vegna uppbyggingar á leiguhúsnæði í Reykjavík, dags. 26. júní 2017, ásamt fylgiskjölum. R17060105
Samþykkt.
Grétar Þór Jóhannsson og Guðlaug S. Sigurðardóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.
38. Lagt fram bréf menningar- og ferðamálasviðs, dags. 27. júní 2017, sbr. samþykkt menningar- og ferðamálaráðs frá 26. júní 2017 á samstarfssamningi um rekstur Iðnó, dags. 22. júní 2017, ásamt fylgiskjölum. R17060169
Samþykkt.
39. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 23. júní 2017, þar sem óskað er eftir að meðfylgjandi leigusamningur um Vonarstræti 3, Iðnó, við Gómsætt ehf. verði samþykktur, ásamt fylgiskjölum. R17060169
Samþykkt.
40. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 26. júní 2017, þar sem óskað er eftir samþykki borgarráðs á nýjum lóðarhafa að lóðinni nr. 19 við Bæjarflöt, ásamt fylgiskjölum. R17060179
Samþykkt.
- Kl. 12.03 viku Heiða Björg Hilmisdóttir af fundinum.
41. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

Framsókn og flugvallavinir gera tillögu um að SEA og borgarlögmaður útfæri og leggi fyrir borgarráð tillögur og hugmyndir um hvernig hægt er að setja framsalstakmarkanir/-kvaðir í nýja lóðarleigusamninga, við endurnýjun lóðarleigusamninga eða breytingar þegar gildandi lóðarskilmálum er breytt, eða nýir lóðarsamningar gerðir vegna sameininga lóða eða breytinga á lóðarmörkum, þannig að óheimilt sé að framselja lóðir nema að ákveðnu byggingarstigi sé náð, t.d. fókheldi. Tillögur og hugmyndir skulu liggja fyrir eigi síðar en í lok ágúst 2017.

Greinargerð fylgir tillögunni. R17060226
Frestað.
42. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að Félagi eldri borgara verði úthlutað lóð undir fjölbýlishús í Syðri-Mjódd til viðbótar þeim tveimur lóðum sem félaginu hefur nú þegar verið úthlutað á svæðinu. Mikil spurn er eftir íbúðum félagsins og ljóst að það þarf á fleiri lóðum að halda til að geta svarað henni. Margvíslegt hagræði verður af því að úthluta félaginu slíkri viðbótarlóð sem næst öðrum lóðum er félagið hefur nú þegar fengið til uppbyggingar í Mjóddinni. Ljóst er t.d. að hagkvæmt er að koma

slíkri viðbótarlóð fyrir sem næst þjónustumiðstöð velferðarsviðs að Árskógum 4 sem veitir eldri borgurum mikilvæga þjónustu. R17060227

Frestað.

43. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir upplýsingum um hvort legið hafi fyrir að umtalsverður kostnaður fylgdi þeirri ákvörðun að þiggja boð Barcelonaborgar um að Reykjavíkurborg yrði heiðursgestur á borgarhátíðinni La Mercè. R17060228

- Kl. 12.10 v. Áslaug María Friðriksdóttir af fundinum.

Fundi slitið kl. 12.11

Sigurður Björn Blöndal

Halldór Auðar Svansson
Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir

Líf Magneudóttir
Kjartan Magnússon